

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 28**

14. árgangur

14.6.2007

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2007/EES/28/01</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4612 – Accor/ Pierre et Vacances/NewCity JV).....	<b>1</b>
<b>2007/EES/28/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4660 – MSREF/ Hilton Hotels/Portfolio Hotels).....	<b>2</b>
<b>2007/EES/28/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4662 – Syniverse/ BSG (wireless business)) .....	<b>3</b>
<b>2007/EES/28/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4673 – Deutsche Bank/STRABAG Invest/Dmitri Garkusha/JV).....	<b>4</b>
<b>2007/EES/28/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4685 – ENEL/ Acciona/Endesa ) .....	<b>5</b>
<b>2007/EES/28/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4686 – Louis Delhaize/Magyar Hipermarket Kft) .....	<b>6</b>

<b>2007/EES/28/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4703 – Fujitsu/GFI Informatique) . . . . .	<b>7</b>
<b>2007/EES/28/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4708 – Gerresheimer/Chase/JV) . . . . .	<b>8</b>
<b>2007/EES/28/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4710 – Rasperia/Raiffeisen-Holding/Uniqa Strabag) . . . . .	<b>9</b>
<b>2007/EES/28/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4720 – Doughty Hanson/AxCom) . . . . .	<b>10</b>
<b>2007/EES/28/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4722 – PAI/Kaufman & Broad) . . . . .	<b>11</b>
<b>2007/EES/28/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4732 – Terra Firma/EMI) . . . . .	<b>12</b>
<b>2007/EES/28/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4733 – Apax Partners Worldwide LLP/Electro-Stocks Grup SL) . . . . .	<b>13</b>
<b>2007/EES/28/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4300 – Philips/Intermagnetics) . . . . .	<b>14</b>
<b>2007/EES/28/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4476 – Norilsk Nickel/OMG Nickel) . . . . .	<b>14</b>
<b>2007/EES/28/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4478 – KKR/Goldman Sachs/Kion) . . . . .	<b>15</b>
<b>2007/EES/28/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4494 – Evraz/Highveld) . . . . .	<b>15</b>
<b>2007/EES/28/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4541 – Bridgepoint/Rodenstock) . . . . .	<b>16</b>
<b>2007/EES/28/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4545 – Statoil/Hydro) . . . . .	<b>16</b>
<b>2007/EES/28/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4551 – Goldman Sachs/Onex/RAC) . . . . .	<b>17</b>
<b>2007/EES/28/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4562 – S&B/Halliburton/CEBO JV) . . . . .	<b>17</b>
<b>2007/EES/28/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4602 – Atlas Copco/Dynapac) . . . . .	<b>18</b>
<b>2007/EES/28/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4604 – Capman/Walki Wisa) . . . . .	<b>18</b>
<b>2007/EES/28/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4605 – Hindalco/Novelis) . . . . .	<b>19</b>
<b>2007/EES/28/25</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4635 – Groupe CNP/Groupe AVH/Club/Planet Parfum/DI) . . . . .	<b>19</b>

<b>2007/EES/28/26</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4636 – Teleperformance/The Phone House SAS/The Phone House Services Telecom) . . . . .	20
<b>2007/EES/28/27</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4642 – 3i Group/Euro Druckservice) . . . . .	20
<b>2007/EES/28/28</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4645 – APW/GMG/Trader Media Investments) . . . . .	21
<b>2007/EES/28/29</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4654 – IPR/Mitsui/UK Electricity generation business)) . . . . .	21
<b>2007/EES/28/30</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4655 – Gilde/Parcom/Nedschroef) . . . . .	22
<b>2007/EES/28/31</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4658 – Bridgepoint Capital/Wolters Kluwer Educational Division) . . . . .	22
<b>2007/EES/28/32</b>	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer C 11/07 (áður N 476/06 og NN 14/06) – Misnotkun björgunaraðstoðar og athugun á því hvort aðstoð til endurskipulagningar fyrirtækisins Ottana – Ítalíu samræmist gildandi reglum – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	23
<b>2007/EES/28/33</b>	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „Sancerre-leyfið“) . . . . .	24

### 3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/28/01

**(Mál COMP/M.4612 – Accor/Pierre et Vacances/NewCity JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Accor og Pierre et Vacances öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu NewCity.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Accor: hótélrekstur og þjónusta við fyrirtæki og staðaryfirvöld
  - Pierre et Vacances: kynning, bygging og markaðssetning á húsnæði fyrir ferðamenn, leiga á orlofsíbúðum með húsgögnum og rekstur orlofshúsnæðis í borgum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 13. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4612 – Accor/Pierre et Vacances/NewCity JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2007/EES/28/02****(Mál COMP/M.4660 – MSREF/Hilton Hotels/Portfolio Hotels)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Morgan Stanley Real Estate F International Funding, L.P. („MSREF“), sem er hluti af fyrirtækjasamstæðunni Morgan Stanley („MS“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir 9 evrópskum hótélum sem nú eru undir einni stjórn bandaríska fyrirtækisins Hilton Hotels Corporation („Hilton“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - MSREF: fjárfesting í fasteignum og rekstur þeirra
  - MS: fjármálaþjónusta á alheimsvísu
  - Hilton: eignarhald, rekstur og sérleyfi á hótélum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 15. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4660 – MSREF/Hilton Hotels/Portfolio Hotels, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4662 – Syniverse/BSG (wireless business))**

2007/EES/28/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Syniverse Technologies, Inc („Syniverse“), sem er undir yfirráðum bandaríska fyrirtækisins GTCR Golder Rauner, LLC („GTCR“), öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í þeim hluta breska fyrirtækisins Billing Services Group Limited sem sér um þráðlausa fjarskiptaþjónustu („BSG Target Business“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - GTCR: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Syniverse: tækniþjónusta á alþjóðavettvangi við fjarskiptafyrirtæki, m.a. uppgjör reiki-gagnaþjónustu, lausnir í númeraflutningi og ýmsar aðrar lausnir á sviði rekstrarsamhæfis
  - BSG Target Business: lausnir varðandi úrvinnslu greiðslna, uppgjör gagnaþjónustu, fjármála-uppgjör og áhættustjórnun fyrir fyrirtæki sem veita þráðlausa fjarskiptaþjónustu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 13. júní 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4662 – Syniverse/BSG (wireless business), á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2007/EES/28/04****(Mál COMP/M.4673 – Deutsche Bank/STRABAG Invest/Dmitri Garkusha/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Bank AG og STRABAG Invest GmbH, sem er dótturfyrirtæki austurríska fyrirtækisins STRABAG SE í Vín, og Dmitri Garkusha öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Deutsche Bank AG: banka- og fjármálaþjónusta og önnur tengd þjónusta
  - STRABAG Invest GmbH: fjárfestingar í verkefnum er varða mannvirkjagerð, þróunarverkefni, byggingarframkvæmdir og framleiðslu byggingarefnis
  - Dmitri Garkusha: ráðgjafa þjónusta varðandi fjármögnun fasteignaframkvæmda í Moskvu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 130, 12. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4673 – Deutsche Bank/STRABAG Invest /Dmitri Garkusha/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.4685 – ENEL/Acciona/Endesa )**

2007/EES/28/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Enel S.p.A. („Enel“) og spænska fyrirtækið Acciona S.A. („Acciona“) öðlast með sameiginlegu yfirtökubóði og samningi milli Enel og Acciona í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í spænska fyrirtækinu Endesa S.A. („Endesa“). Enel og Acciona munu síðan selja þýska fyrirtækinu E.on AG („E.on“) tiltekinn rekstur og eignir fyrirtækjanna ENEL og Endesa á Spáni og Ítalíu ásamt tengdum rekstri í Frakklandi, Póllandi og Tyrklandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ENEL: framleiðsla og dreifing raforku og rafveita ásamt kaupum og sölu á jarðgasi fyrir rafmagnsframleiðslu innanlands
  - Acciona: þróun og stjórn verkefna í tengslum við grunnvirki og fasteignir, flutningsþjónusta, borgar- og umhverfisþjónusta og auk þess þróun og rekstur á endurnýjanlegri orku
  - Endesa: framleiðsla og dreifing raforku og rafveita. Einnig rekstur er lýtur að gasi og fasteigna-viðskiptum að litlu leyti
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 130, 12. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4685 – ENEL/Acciona/Endesa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4686 – Louis Delhaize/Magyar Hipermarket Kft)**

2007/EES/28/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið Louis Delhaize S.A. („Louis Delhaize“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ungverska fyrirtækinu Magyar Hipermarket Kft („Magyar Hipermarket“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Louis Delhaize: smásala á matvælum og öðru en matvælum gegnum dótturfyrirtæki þess í ýmsum Evrópulöndum
  - Magyar Hipermarket: rekstur risamarkaða sem sérleyfishafi fyrir Cora France
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 13. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4686 – Louis Delhaize/Magyar Hipermarket Kft, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.4703 – Fujitsu/GFI Informatique)**

2007/EES/28/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið FS Participation SAS, sem er undir yfirráðum japanska fyrirtækisins Fujitsu Limited („Fujitsu“), öðlast með yfirtökubóði, sem var tilkynnt 25. maí 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu GFI Informatique („GFI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fujitsu: framleiðsla og sala á tölvuvörum, rafeindabúnaði, fjarskiptavörum og tölvuþjónusta
  - GFI: tölvuþjónusta, aðallega í Frakklandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 130, 12. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4703 – Fujitsu/GFI Informatique, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4708 – Gerresheimer/Chase/JV)**

2007/EES/28/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Gerresheimer Glass Inc („Gerresheimer“), í eigu Gerresheimer-samsteypunnar og undir stjórn samsteypunnar Blackstone Investment Fund, og Chase Scientific Glass, Inc („Chase“), í eigu Thermo Fisher Scientific Inc, öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Kimble Chase Life Science and Research Products LLC („Kimble/Chase“) með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Gerresheimer: birgir fyrir glervörur sem notaðar eru í tengslum við lyf og rannsóknir
  - Chase: framleiðsla og dreifing á glervörum fyrir vísinda-, iðnaðar- og lyfjarannsóknir
  - Kimble/Chase: þróun og framleiðsla endurnýtanlegra, einnota og sérstakra glervara sem notaðar eru á rannsóknarstofum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 127, 8. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4708 – Gerresheimer/Chase/JV, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2007/EES/28/09****(Mál COMP/M.4710 – Rasperia/Raiffeisen-Holding/Uniq a Strabag)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kypverska fyrirtækið Rasperia Trading Limited („Rasperia“), sem er undir yfirráðum Olegs Deripaskas sem er ráðandi hluthafi í fyrirtækinu Basic Element Company Limited („Basic Element“), og austurrísku fyrirtækin Raiffeisen-Holding Niederösterreich-Wien reg.Gen.m.b.H. („Raiffeisen-Holding“) og Uniq a Versicherungen AG („Uniq a“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í fyrirtækinu Strabag SE („Strabag“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rasperia/Basic Element: fjölbreytt starfsemi sem lýtur að orkumálum, áli, verkfræði, bifreiðaframleiðslu, námuvinnslu, fjármálaþjónustu í tengslum við hrávöruviðskipti, byggingarefnum og fasteignum
  - Raiffeisen-Holding: umsýsla og eignarhald á hlutafé í ýmsum atvinnugreinum, m.a. fjármálaþjónustu, landbúnaði, fasteignum og fjölmiðlum
  - Uniq a: starfsemi með vörur og þjónustu á öllum sviðum tryggingamála
  - Strabag: byggingarþjónusta og byggingarefni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 132, 14. júní 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4710 – Rasperia/Raiffeisen-Holding/Uniq a/Strabag, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4720 – Doughty Hanson/AxCom)**

2007/EES/28/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Doughty Hanson & Co Limited („DHC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu AxCom AB („Axcom“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DHC: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Axcom: dreifing farsíma og annars fjarskiptabúnaðar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 133, 15. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4720 – Doughty Hanson/AxCom, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.4722 – PAI/Kaufman & Broad)**

2007/EES/28/11

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PAI Partners S.A.S. („PAI“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Kaufman & Broad S.A. („Kaufman & Broad“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PAI: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Kaufman & Broad: rekstur sem lýtur að fasteignaviðskiptum og öllum stigum í ferli fasteignaviðskipta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 131, 13. júní 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4722 – PAI/Kaufman & Broad, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.4732 – Terra Firma/EMI)**

2007/EES/28/12

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júní 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Terra Firma Group í Guernsey („Terra Firma“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 21. maí 2007, gegnum Maltby, nýstofnað fyrirtæki sem sinnir þessum viðskiptum sérstaklega, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrenfndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu EMI group plc („EMI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Terra Firma: fjárfestingasjóður
